

# Lyfjagjöf vegna hrörnunar í augnbotnum

Aldurstengd hrörnun í augnbotnum er ein aðalorsök sjónskerðingar og blindu. Sjúkdómurinn skiptist í tvo meginflokkka þ.e. þurra og vata aldurstengda hrörnun í augnbotnum.

Við vata hrörnun myndast nýjar æðar í augnbotni sem valda þjúg og blæðingum. Einkennin eru skyndilegar breytingar á sjón sem fela m.a. í sér sjóntap eða brenglun á sjón þannig að beinar línur virðast bognar og aflagaðar. Mikilvægt er að meðhöndla sjúkdóminn sem fyrst til að koma í veg fyrir að hann þróist enn frekar og valdi óafturkræfum skemmdum.



*Miðusjón skerðist við hrörnun í augnbotnum*

Meðferð við sjúkdómnum miðar að því að stöðva eða hægja á ferli sjúkdómsins og hjá sumum batnar sjónin eitthvað. Í upphafi meðferðar er gefið lyf í glerhlaup augans í þrjú skipti á fjögurra vikna fresti. Að því loknu þarftu að panta tíma hjá augnlækni sem stýrir áframhaldandi meðferð sem felur oftast í sér frekari inndælingar með lengra millibili og eftirliti.

## **Meðferðardagur**

Ekki þarf að fasta fyrir meðferðina. Óhætt er því að borða og taka inn lyf eins og venjulega.

Meðferðin fer fram á göngudeild augnsjúkdóma á Eiríksgötu 5, 2. hæð. Staðfesta þarf komu í sjálfsafgreiðsluvél á 1. hæð. Gera má ráð fyrir að vera á deildinni í 30-60 mínútur.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að meðferðartími breytist án fyrirvara. Undirrita þarf samþykki fyrir meðferðinni.

Áður en farið er inn á aðgerðarstofu er auga deyft með augndropum.

Á aðgerðarstofu er auga og húðin umhverfis sótthreinsuð til að draga úr hættu á sýkingu. Notuð er svokölluð augnsperra til að halda auganu opnu. Mikilvægt er að sitja kyrr meðan lyfið er gefið. Sumir finna fyrir vægum þrýstingi í auganu þegar lyfið er gefið.

## **Akstur**

Ekki er ráðlagt að aka bíl fyrr en daginn eftir lyfjagjöf vegna áhrifa lyfja á sjón.

### **Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:**

- Útskriftarfræðslu
- Endurkomutíma í lyfjagjöf

## Útskriftarfræðsla

### Augað

Til að forðast þurrk á hornhimnu augans þarf að nota gervitár án rotvarnarefna fyrstu klukkustundina eftir lyfjagjöf og síðan á tveggja klukkustunda fresti þann dag. Gervitár fást í apótekum án lyfseðils. Vegna sýkingahættu þarf að varast að nudda augað og ekki má ekki fara í sund í fimm daga.

Fyrst eftir lyfjagjöf má búast við að sumir finni fyrir að:

- Líttill hringur sjáist neðst í sjónsviðinu eftir lyfjagjöfina. Það er vegna loftbólú sem fer inn með lyfinu við gjöf þess og hverfur á nokkrum dögum.
- Smáar agnir birst í sjónsviðinu.
- Blóð komi undir slímhúð á hvítu augans eftir stunguna en það hverfur af sjálfu sér.
- Tilfinning sé um að aðskotahlutur sé í auganu og geta gervitár hjálpað við að draga úr þeim einkennum.
- Augað sé viðkvæmt fyrir birtu.

### Verkir

Verkir í auga eru yfirleitt vægir og þá dugar að nota verkjalyf sem fást án lyfseðils í apótekum, ef þörf er á.

### Vinna

Mæta má í vinnu samdægurs ef engin vandamál hafa komið upp.

### Reykingar

Reykingar geta ýtt undir versnun hrörnunar í augnbotni. Þeir sem reykja eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is) (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

### Kostnaður

Greiða þarf fyrir lyfjagjöfina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

**Strax á að hafa samband við deildina ef eftirfarandi einkenni koma fram:**

- Sjón minnkar á mjög stuttum tíma eða hverfur
- Verkir eru í auga sem láta ekki undan verkjalyfjum
- Mikill roði er í auga

Göngudeild augnsjúkdóma er opin virka daga frá klukkan 08:00-16:00, sími: 543 1110. Eftir kl. 15:30 og um helgar má hafa samband við skiptiborð í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi deildarlækni á augndeild.

### **Símanúmer**

Innköllunarstjóri göngudeildar (símatími 08:00-10:00)

543 7117